

Mál og sértæk málþroskaröskun

Mál skiptist í fjóra meginflokkka sem eru:

1. Hljóðkerfisfræði; lýsing á málhljóðum og myndun þeirra.
2. Setningafræði; röðun orða í setningu, byggt upp eftir reglum sérhvers tungumáls.
3. Merkingarfræði; innihald orða og skilningur.
4. Málhegðun; notkun málsins við mismunandi aðstæður, mismunandi málsnið eftir aðstæðum hverju sinni

Málþroskaröskunum er gjarnan skipt í tvo hópa:

1. Málþroskaröskun: Málferfiðleikar sem eru afleiðingar annarra erfiðleika eða fatlana, t.d. CP-fötlun, seinkun í málþroska, alvarlegri heyrnarskerðingu, greindarskerðingu, einhverfu, tilfinninga- og hegðunarerfiðleika, vanörvunar eða þess að barn skortir grunntungumál (elst upp við tvö eða fleiri tungumál).
2. Sértækar málþroskaraskanir (SMR): Málferfiðleikar sem ekki er hægt að rekja til annarra fatlana. Þetta geta verið raskanir á einum eða fleirum meginflokkum máls en því fleiri meginflokkar sem raskast, því meiri er vandi einstaklingsins.

Sértæk málþroskaröskun er yfirheiti ýmissa málraskanna sem verða á málkerfi barna. Börnin hafa málferfiðleika þrátt fyrir þá staðreynd að þroski þeirra að öðru leyti virðist vera eðlilegur. Ef börn hafa sértæka málþroskaröskun 5 ára eru líkur til þess að þau sýni áfram slíka erfiðleika á unglingsárum ásamt öðrum vandamálum tengdum vitsmunum og námi. 40-50% barna með tal- og málþroskaraskanir þróa með sér gerðræn vandamál en alvarleiki erfiðleikanna hefur þar umtalsverð áhrif. Meirihluti barna með SMR hefur hreyfivandamál að einhverju leyti.